
FORNLEIFAKÖNNUN Á ÞINGVÖLLUM

VEGNA JARÐVEGSSKIPTA VIÐ ÞINGVALLABÆ



UGGI ÆVARSSON OG OSCAR ÁLDRED

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS
REYKJAVÍK 2007
FS500-07301



Mynd á forsíðu: þrúfuskurður tekinn niður á öskuhaug sunnan Þingvallabæjar

©2019

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

BÁRUGÖTU 3

101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033

FAX: 551 1047

NETFANG: fsi@fornleif.is

www.fornleif.is

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	5
FYRRI VERKHLUTI - SUÐURSVÆÐI	7
SEINNI VERKHLUTI - AUSTURSVÆÐI.....	9
GRIPIR.....	13
NIÐURSTÖÐUR	15
HEIMILDASKRÁ.....	17

Viðauki:

Yfirlitsteikningar

Teikning 1

Teikning 2

Teikning 3

Gripaskrá

Inngangur

Snemma árs 2007 var unnið að jarðvegsfrankvæmdum við Þingvallabæinn sem miðuðust að því að skipta um jarðveg sunnan og austan við bæinn og helluleggja svæðið að nýju. Í tengslum við framkvæmdirnar voru fornleifafræðingar frá Fornleifastofnun Íslands ses fengnir til fornleifaeftirlits og -rannsókna tvisvar, annars vegar 20.-21. febrúar 2007 og hins vegar 24.-26. apríl sama sama ár. Að rannsóknunum komu fyrir hönd Fornleifastofnunar þeir Uggi Ævarsson og Oscar Aldred en Astrid Daxböck osá um



Staðsetning rannsókna merkt inn á Íslandskort sem rauður punktur kortinu. Grunnkort Gísli Pálsson

frágang gripa.

Markmið eftirlits og rannsókna á Þingvöllum var að koma í veg fyrir að mannvistarleifar yrðu skemmdar af vangá en jafnframt var lagt upp með það að grafa eins lítið af minjum á svæðinu og hægt væri, eða aðeins niður á þá dýpt sem framkvæmdir krefðust. Skýrsla þessi er stutt greinargerð um helstu niðurstöður rannsókna. Hún er byggð upp á svipaðan hátt og aðrar áþekkar skýrslur Fornleifastofnunar. Á eftir inngangi er rannsóknum lýst í mynd og máli en að lokum teknar saman helstu niðurstöður og þá heimildaskrá. Aftast í skýrslunni er svo að finna lista yfir þá gripa sem komu í ljós.

Fyrri verkhluti - Suðursvæði

Fyrri svæðið sem kannað var 2007 var sunnan við Þingvallabæinn. Þegar fornleifafræðingar frá Fornleifastofnun Íslands komu á vettvang þann 20. febrúar var jarðrask þegar hafið og búið að vélgrafa skurð á þessum slóðum. Staðháttum á svæðinu háttar þannig til að skammt suður frá húsinu er brekka sem hallar mót suðri. Að sögn kunnugra mun efnisuppistaðan í þeirri brekku vera fylling eða grús, sem keyrð var í brekkuna þegar suðurhluti bæjarins var byggður en syðsti hluti Þingvallabæjarins mun vera fljótandi, þ.e. byggður á stöplum sem reknir voru ofan í jörðina. Skurðurinn sem búið var aða taka þegar fornleifafræðingar komu á svæðið var undir þessari brekku, í brekkurótum. Hann var um 20 m langur og snéri austur-vestur.

Fláasnið var tekið upp í brekkuna og af því mátti sjá að undir grasrót var um 1 m þykkt grúsarlag. Þar neðan við var talsvert hreyfður jarðvegur. Greinileg voru þó ummerki mannvistar, kola- og öskublettir sem rótað hafði verið í og leifarnar blandast ýmsum yngri leifum s.s. plasti. Botn skurðarins var hreinsaður og við það komu upp nokkur



Uggi Ævarsson fornleifafræðingur að störfum á suðursvæðinu

leirkersbrot, naglar, bein og viðarkol. Grafið var í þau mannvistarlög sem voru sjáanleg í skurðbotninum, þó ekki dýpra en nauðsynlegt var talið vegna framkvæmdanna. Vestarlega í skurðinum var að auki grafinn lítill prufuskurður (ensk. *sondage*), 1,2 x 0,6 m að stærð til að kanna hvort von væri á frekari mannvistarleifum á þessum slóðum. Á um 0,4 m dýpi, neðan við botn stóra skurðarins, komu í ljós leifar af öskuhaugi, þétt lag brenndra beina og ösku. Ekki var grafið í hauginn enda þurfti ekki að fara dýpra vegna framkvæmdanna. Umfang öskuhaugsins var ekki kannað frekar en það er ljóst að minjar um búsetu eru á staðnum, óraskaðar eftir því sem næst verður komist.

Þau mannvistarlög sem komu í ljós í prufuskurðinum vestarlega á svæðinu voru: 001 - efsta lagið, hreinsunarlag sem var rauðyrjótt með gráleitum flekkjum. Þar undir var grárar og leirkenndara lag, 002, sem af lagði daufan daun. Undir lagi 002 var brúnna lag 003 sem lyktaði ekki en var blandað gráma. Lagið dektist svo þar til kom niður á fyrrnefndan öskuhaug 004. Prufuskurðurinn var fylltur af mól og lágu framkvæmdir niðri um hrið.

Seinni verkhluti - Austursvæði

Þann 24. apríl 2007 voru fornleifafræðingar Fornleifastofnunar aftur kallaðir að Þingvöllum og voru þeir á staðnum dagana á eftir, 25. og 26. apríl. Þegar komið var á vettvang var búið að aftyrfa með gröfu austan Þingvallabæjar og hellur sem voru fast við húsið höfðu verið fjarlægðar. Við það varð ljóst að ekki þyrfti að skipta um jarðveg næst húsinu að austan (þ.e. í um 3 m austur frá húsinu). Þar austan við var hins vegar þörf á jarðvegsskiptum og vildu verktakar grafa ríflega 1 m niður, niður fyrir neðra þrepið utan við útidyrnar að austan. Ráðgert er að yfirborð hellulagnarinnar muni nema við neðra þrepið á útidyratröppum en að hellulögnin muni svo vera aflíðandi til austurs, frá húsinu. Til að stuðla að verndun hugsanlegra mannvistarlaga á þessu svæði var samið við verktaka



Yfirborðslög fjarlægð austan við Þingvallabæinn. Horft til suðausturs

um að grafa ekki eins djúpt og ráðgert hafði verið á þessum slóðum og að hvergi yrði farið dýpra en 0,8 m niður.



Uppgriftarsvæðið, austurlutí, horft til norðurs

Austursvæðinu hafði töluvert verið raskað löngu áður en framkvæmdir hófust. Þar var steipt rotþró og á svæðinu miðju var rafmagnskassi með tilheyrandi köplum. Uppgriftarsvæðið var um 20 x 5,5 m stórt og sneri austur-vestur. Nyrsti hluti svæðisins virtist minnst raskaður. Ummerki mannvistar voru greinileg strax undir grassverðinum. Kolabletti, ösku og bein mátti sjá á svæðinu en lögin slitrótt og dreifð. Eftir því sem dýpra var farið virtust mannvistarlögin breytast og er jafnvel hugsanlegt að mannvirki reynist þar skammt undir en það var ekki kannað þar sem ekki reyndist þörf á því að grafa dýpra vegna framkvæmdanna.

Gróflega má skipta lögum á svæðinu í þrennt (þrátt fyrir að skilin milli laga hafi síður en svo verið skörp). Efst var millibrúnn jarðvegur með gulum tóni. Neðar varð jarðvegurinn heldur dekkri með ríkari merkjum búsetu, meiri kol, aska og bein, brennd og óbrennd. Þar sem hætt var að grafa var jarðvegurinn orðinn ljósari aftur og farið að sjást greinilegar torfleifar og merki um það sem gæti verið leifar af grjóttvegg en ekki reyndist

nauðsynlegt að grafa dýpra vegna framkvæmdanna. Þessi hugsanlegu mannvirki, ásamt uppgraftarsvæðinu öllu, voru teiknuð, ljósmynduð og hæðapunktur teknir.

Þau ummerki sem mætti túlka sem eiginleg mannvirki voru nyrst á svæðinu. Annars vegar reyndust þar sex steinar sem voru í sémilegri röð. Steinaröðin var samtals um 2,5 m að lengd og sneri norður-suður. Þrír syðstu steinarnir voru nokkuð þétt saman en þeir þrír nyrðri voru gisnari og örlítill sveigja var á þeim til vesturs. Ekki er fullvíst að þeir séu hluti af sama mannvirki og syðri steinarnir þrír.



Ummerki á uppgröfju svæði við austurblið hússins. Á mynd til vinstri eru hugsanlegar leifar af vegg, horft til norðurs. Á mynd til hægri er hleðsla um staur, horft til norðurs

Hitt mannvirkið er um 2 m vestar. Þar má greina mannaverk á þremur stöðum sem virðast tengjast. Nyrst, á endimörkum uppgraftarsvæðisins, var grjóthrúga sem var um 0,5 m í þvermál og hefur verið hlaðin um staur eða stoð. Um 2 m sunnar voru svo aðrir tveir steinar sem líklegast hafa þjónað svipuðum tilgangi, þ.e. verið hlaðið um straur og þriðja hrúgan var um 1 m sunnar. Þar voru enn tveir steinar sem einnig virtust hafa verið einhverskonar stoðarsteinar eða hleðsla um staur. Þessar þrjár grjóthrúgur voru í línu norður-suður og gætu t.d. hafa stutt girðingu. Ekki var hróflað við leifunum. Eftir skráningu var svo mokað grús yfir og hlutverki fornleifafræðinga með því lokið á svæðinu.

Gripir

Nokkrir gripir komu upp við fornleifarannsóknir, mest brot af leirkerjum og jární frá 20. öld og voru þeir skráðir undir samtals 31 fundarnúmerum. Af af fundunum 31 reyndust 23 gripir af svæðinu sunnan við Þingvallabæinn en átta gripir fundust austan við og voru þeir síðarnefndu allir í rótuðum lögum. Um miðbik austursvæðisins fannst unninn steinn sem líklega er *nó-* eða *herslustokkur*. Slíkir gripir eru þekktir úr smiðjum og voru notaðir hér



Nóstokkur sem fannst við framkvæmdir á Þingvöllum

á landi allt fram á 20. öld. Nóstokkar voru notaðir til að kæla (herða) smíðajárn, yfirleitt ljái, eftir dengingu. Steinninn var um 39 cm langur, en brotið er af öðrum endanum. Hann var um 22 cm breiður og um 17 cm þykkur. Tekið hefur verið úr miðju steinsins, og myndað spor sem er um 33 cm langt, um 7 cm djúpt og 6 cm breitt. Þar hefur vatn verið haft og ljánum skellt þar ofan í eftir dengingu. Nóstokkar voru yfirleitt úr móbergi timbri eða hverasteini og var steinninn sem fannst á Þingvöllum móberg.¹

¹ Sjá t.d. Brynjúlfur Jónsson. 1906: 35 og Sumarliði R. Ísleifsson. 1987:28

Niðurstöður

Við framkvæmdaefirlit og fornleifakönnun sem gerð var í tengslum við jarðvegsframkvæmdir sunnan og austan Þingvallabæ í febrúar og apríl 2007 komu í ljós talsverðar mannvistarleifar. Þó svo að býsna miklu efni hafi verið mokað í burtu við framkvæmdirnar áður en eftirlit hófst virðast fornleifar hafi sloppið nokkuð vel. Einhverjar mannvistarleifar s.s. kol og aska voru þó greinileg í burtfluttu efni.


Fornleifaefirlit á svæðinu miðaðist við að takmarka rask á mannvistarleifum eins og hægt var og því var ekki grafið dýpra en nauðsynlegt þótti. Í ljós kom öskuhaugur sunnan við húsið og möguleg ummerki um vegg og röð timburstraura austan þess en hvorugt var grafið burtu þar sem framkvæmdirnar kröfðust þess ekki að dýpra væri grafið. Engin gjóskulög fundust við rannsóknirnar. Örfáir gripir komu í ljós við eftirlitið, mest leirker og járnleifar frá 20. öld. Með framkvæmdaefirlitinu tókst að hlífa öskuhaugi sunnan við hús og hleðslum austan þess og má segja að þau mannvirki sem hafi verið óröskuð fyrir framkvæmdirnar séu enn óhreyfð að mestu.

Heimildaskrá

Brynjúlfur Jónsson. Önnur útgáfa 1981 [1906]. „Fornleifafundir – Fornleifafundir í Árnassýslu“, 28-35 í *Árbók hins íslenska fornleifafélags*. Bókaútgáfan Þjóðsaga, Reykjavík.


Sumarliði R. Ísleifsson. 1987. *Safn til sögu Íslendinga*, I. bindi, *Eldur í aflri*: Málmiðnaður á Íslandi á 19. öld og fyrri hluta 20. aldar. Ritsjóri Jón Böðvarsson. Hið íslenska bókmenntafélag.

Yfirlitsteikningar




Teikning 1

Yfirlitsteikningar



Teikning 2: Suðursvæði. Steinar eru markaðir með svartri línu en stoðarholur með grárrí. Appelsínugul og græn lína marka seinni tíma raks. Vestarlega í skurðinum má sjá niðurgroftinn sem tekinn var ofan í skurðinn

Yfirlitsteikningar



Teikning 3: Austursvæði. Steinar eru markaðir með svartri línu, yngra rót (kaplar ofl) með rauðri línu og steypuleifar eru merktar með grænni línu

Fundan.	Eining	Svæði	Tegund	Efni	Þyngd (g)	Magn	Lýsing	Skrásetjari	Dags. innsláttar
1	1	S	Leirker	Leir	88	16	Brot af leirkerum, ýmsar gerðir.	Astrid Daxböck	11-apr-07
2	1	S	Gluggi	Gler	11	6	Rúðugler, ýmsar gerðir og þykktir.	Astrid Daxböck	11-apr-07
3	1	S	Ílát	Gler	0	1	Glerbrot með bláum, hvítum og gulum lit.	Astrid Daxböck	11-apr-07
4	1	S	Flaska	Gler	6	2	Lyfjaglas: L. 5,1 cm, Þvm. við botn 1,2 cm. Í glasinu er annar glergripur, L. 4 cm, þvm. 0,4 cm. Glært gler.	Astrid Daxböck	11-apr-07
5	1	S	Flaska	Gler	15	4	Flöskubrot, græn og brún.	Astrid Daxböck	11-apr-07
6	1	S	Nagli	Járn	101	9	Naglar. Minnsta lengd 4,1 cm., lengsti 12,7 cm.	Astrid Daxböck	11-apr-07
7	1	S	Hlutur	Járn	65	1	Hlutur. Ílangt járn með ferhyrnt þversnið, 0,8x1 cm, mjókkar til beggja enda. Lengd 9,6 cm.	Astrid Daxböck	11-apr-07
8	1	S	Þakflís	Steinn	2	1	Þakflís, 2,6x1,7 cm.	Astrid Daxböck	11-apr-07
9	1	S	Múrsteinn	Leir	6	1	Múrsteinn (?), brot: 2,1 x 1,9 x 1,6 cm.	Astrid Daxböck	11-apr-07
10	1	S	Unninn viður	Viður	12	1	Unnin spýta. Lengd 15 cm.	Astrid Daxböck	11-apr-07
11	1	S		Kol	3	2	Steinkol.	Astrid Daxböck	11-apr-07
12	1	S	Matarleifar	Dýrabein	6	5	Brot, brennd.	Astrid Daxböck	11-apr-07
13	2	S	Nagli	Járn	3	1	Nagli. Lengd: 4,6 cm. Úr vestari könnunarskurði (sondage to the west).	Astrid Daxböck	11-apr-07
14	2	S	Hlutur	Grafít?	1	2	Grafítbrot? Flöt brot. Stærsta brot 1,9x1,7 cm. Fundið í skurði	Astrid Daxböck	11-apr-07
15	2	S		Kol	1	1	Steinkol.	Astrid Daxböck	11-apr-07
16	2	S	Unninn viður	Viður	11	1	Unnin spýta. Lengd 17,8 cm.	Astrid Daxböck	11-apr-07
17	2	S	Matarleifar	Dýrabein	7	2	Brot, brennd.	Astrid Daxböck	11-apr-07

18	3	S	Leirker	Leir	9	2	Brot af leirkerum.	Astrid Daxböck	11-apr-07
19	3	S		Kol	1	1	Steinkol.	Astrid Daxböck	11-apr-07
20	3	S	Unninn viður	Viður	51	9	Unnar spýtur, ýmsar stærðir, minnsta 2,2x1,5x1,1 cm. Stærsta 7,5x3,7x2,7 cm.	Astrid Daxböck	11-apr-07
21	4	S	Leirker	Leir	51	9	Brot af leirkerum, ýmsar gerðir.	Astrid Daxböck	11-apr-07
22	4	S	Nagli	Járn	38	5	Naglar. Minnsta lengd 4,2 cm., lengsti 8,1 cm.	Astrid Daxböck	11-apr-07
23	4	S	Matarleifar	Dýrabein	0	1	Tennur	Astrid Daxböck	11-apr-07
24	Rótað lag	E	Leirker	Leir	68	11	Brot af leirkerum, ýmsar gerðir. 19.-20. öld.	Uggi Ævarsson	07.maí-07
25	Rótað lag	E	Múrsteinn	Leir	1117	1	Múrsteinn, ljós, gulbrúnn, sót: 16 x 5 x 10 cm	Uggi Ævarsson	7.maí.07
26	Rótað lag	E	Bein	Dýrabein	26	3	Tennur og bein.	Uggi Ævarsson	7.maí.07
27	Rótað lag	E	Nagli	Járn	50	7	Vélgerðir naglar frá 19. - 20. öld.	Uggi Ævarsson	7.maí.07
28	Rótað lag	E	Hlutur	Járn	36	1	Járnbrot, skreytt. Pottjárn.	Uggi Ævarsson	7.maí.07
29	Rótað lag	E	Hlutur	Járn	437	1	Járnhringur, rörafesting. 9,4 x 3,3 x 1,6 cm	Uggi Ævarsson	7.maí.07
30	Rótað lag	E	Hlutur	Járn/tin	148	2	Ryðguð málbrot.	Uggi Ævarsson	7.maí.07
31	Rótað lag	E	Hersluþró	Steinn	16kg	1	Hersluþró úr móbergi.	Uggi Ævarsson	7.maí.07